

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir sjálfseignarstofnunina Þjónustumiðstöð rannsóknarverkefna.

### 1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Þjónustumiðstöð rannsóknarverkefna. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

Stofnendur eru Gunnar Sigurðsson yfirlæknir, Brúnalandi 30, Reykjavík, Kári Stefáns-son forstjóri, Víðihlíð 6 Reykjavík, Kristján Erlendsson læknir, Vaðlaseli 12, Reykjavík og Íslensk erfðagreining ehf., Lynghálsi 1, Reykjavík.

### 3. gr.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að annast aðstoð við lækna þá sem á hverjum tíma eru í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu ehf. um rannsóknir á erfðabáttum sjúkdóma, með því að starfrækja sérstaka þjónustumiðstöð rannsóknarverkefna og ráða til starfa og hafa tiltækt í sameiginlegri starfsaðstöðu samstarfslæknanna starfsfólk sem læknarnir geti leitað til um aðstoð við skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

### 4. gr.

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er kr. 500.000 sem stofnendur leggja fram.

Stofnféð skal ávallt haldast óskert að raungildi.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar eru rekstrartekjur, vaxtatekjur og frjáls framlög. Tekjum stofnunarinnar skal varið til að standa undir starfsemi hennar samkvæmt 3. gr. Hagnaði sem verða kann af starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar skal einungis varið til almenningsheilla samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar að afloknu hverju reikningsári.

### 5. gr.

Sjálfseignarstofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er óháð öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

### 6. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara og skulu stjórnarmenn valdir til tveggja ára í senn. Samstarfslæknar Íslenskrar erfðagreiningar ehf. sem nýta þjónustu sjálfseignarstofnunarinnar á þeim tíma þegar ný stjórn er valin kjósa einn stjórnarmann og einn til vara á fundi sínum sem boðaður skal í þessu skyni. Íslensk erfðagreining ehf. tilnefnir einn stjórnarmann og einn mann til vara og fráfarandi stjórn sjálfseignarstofnunarinnar tilnefnir einn stjórnarmann og einn til vara.

Eftirtaldir skipa fyrstu stjórn sjálfseignarstofnunarinnar og er kjörtímabil þeirra til 1. október árið 2000:

Aðalmenn:

Gunnar Sigurðsson læknir, Brúnalandi 30, Reykjavík.

Kristján Erlendsson læknir, Vaðlaseli 12, Reykjavík.

Baldur Guðlaugsson hrl., Laugarásvegi 6, Reykjavík.

Varamenn:

Ísleifur Ólafsson læknir, Kleifarvegi 11, Reykjavík.

Kristleifur Kristjánsson læknir, Viðarrima 38, Reykjavík.

Jóhannes Bjarni Björnsson hdl., Lækjarsmára 86, Kópavogi.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila. Ákvarðanir stjórnar skulu teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnin ræður forstöðumann sem annast daglegan rekstur sjálfseignarstofnunarinnar og er yfirmaður annars starfsfólks. Stjórnin veitir prókúru. Forstöðumaður ber ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar.

7. gr.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd sjálfseignarstofnunarinnar nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðilega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

8. gr.

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og staðfestur af stjórn og skal, ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári, sendur Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní næsta ár.

9. gr.

Meirihluti stjórnar getur samþykkt breytingar á skipulagsskrá þessari og lagt sjálfseignarstofnunina niður. Ef stofnunin er lögð niður skal stofnframlagið og aðrar eignir renna til styrktar sambærilegri starfsemi skv. ákvörðun stjórnar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kynnu að verða gerðar.

Reykjavík, 23. september 1998.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. september 1998.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 579

1. október 1998

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu deiliskipulagi Kvosarinnar, hvað varðar Austurstræti 18.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur, þann 22. september 1998, samþykkt breytingu á staðfestu deiliskipulagi Kvosarinnar, dags. 22. febrúar 1988. Breytingin nær til lóðarinnar Austurstrætis 18 og felst í breyttu útliti 1. og 2. hæðar götuhliðar og útliti 2. hæðar bakhliðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 1. október 1998.*

**Þorvaldur S. Þorvaldsson** skipulagsstjóri.